

Meðfylgjandi er yfirlit yfir réttindi þín í Festu lífeyrissjóði. Með bréfi þessu er ætlunin að upplýsa sjóðfélagi um helstu atriði í afkomu sjóðsins á árinu 2025.

Afkoma Festu lífeyrissjóðs á árinu 2025:

Sjóðfélagar sem greiddu iðgjöld til samtryggingardeildar sjóðsins á árinu 2025 voru samtals 20.586. Fjöldi sjóðfélaga með réttindi í árslok 2025 voru samtals 116.382. **Launagreiðendur** voru 3.258.

Iðgjöld til samtryggingardeildar sjóðsins námu rúmum 18 milljörðum króna á árinu 2025 og hækkuðu um 5,7% frá árinu 2024.

Lífeyrisgreiðslur samtryggingardeildar á árinu námu rúmum 9,1 milljörðum króna og hækkuðu um 10,5% frá árinu 2024. Heildarfjöldi lífeyrisþega var 13.211.

Heildareignir sjóðsins í árslok 2025 námu um 347 milljörðum króna, hækkuðu um 8,3% frá fyrra ári eða um 27 milljarða króna. Eignir samtryggingardeildar námu um 344,4 milljörðum króna og eignir séreignardeildar um 2,2 milljörðum króna.

Eignaskipting samtryggingardeildar er þannig að 46,4% er í hlutabréfum og sérhæfðum fjárfestingum en 53,6% í skuldabréfum og innlánum. Erlend verðbréf og innlán námu 39,2% eigna. Eignir séreignardeildar, sparnaðarleið 1, voru 38% í hlutabréfum og verðbréfasjóðum og 62% í skuldabréfum og innlánum. Eignir séreignardeildar, sparnaðarleiðar 2, voru 59% í hlutabréfum og verðbréfasjóðum og 41% í skuldabréfum og innlánum.

Hrein nafnávöxtun samtryggingardeildar sjóðsins var 5,3%, **hrein raunávöxtun** var 1,5%.

Tryggingafræðileg staða var þannig að skuldbindingar voru 2,6% umfram eignir sjóðsins í árslok 2025.

Séreign: Hrein eign séreignardeilda í árslok 2025 var 2.177 milljónir króna og hafði hækkað um 310 milljónir króna frá fyrra ári. **Hrein nafnávöxtun** sparnaðarleiðar 1 var 4,6%, **hrein raunávöxtun** var 0,9%. **Hrein nafnávöxtun** sparnaðarleiðar 2 var 5,4%, **hrein raunávöxtun** var 1,6%.

Hafa iðgjöldin skilað sér?

Til þess að iðgjöld launþega njóti ábyrgðar Ábyrgðarsjóðs launa við gjaldþrot skulu launþegar, innan 60 daga frá dagsetningu meðfylgjandi yfirlits, ganga úr skugga um skil vinnuveitenda til viðkomandi lífeyrissjóðs. Ef upplýsingar um iðgjöld vantar á yfirlitið er mikilvægt að launþegi tilkynni það til lífeyrissjóðsins, með framlagningu launaseðla innan 60 daga frá dagsetningu yfirlitsins. Komi athugasemd ekki fram frá launþega er lífeyrissjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda að því marki sem þau fást greidd.

Ársfundur lífeyrissjóðsins verður haldinn á Grand Hótel Reykjavík mánudaginn 4. maí n.k. kl. 18.00. Dagskrá fundarins verður auglýst á heimasíðu sjóðsins og í dagblöðum.

Með kveðju,

f.h. Festu lífeyrissjóðs

Gylfi Jónasson framkvæmdastjóri